

2013

Miðvikudaginn 19. október 1994.

Nr. 420/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Jóhönnu Rut Birgisdóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Gæsluvarðhald. Heimsóknarbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. október sl., er barst réttinum 11. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 1994 um staðfestingu á þeirri ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, að Birni Kjartanssyni sé bannað að heimsækja varnaraðila, sem sætir gæsluvarðhaldi. Varnaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og Birni Kjartanssyni verði heimilað að heimsækja sig í fangelsið að Síðumúla 28 í Reykjavík á þeim dögum, er reglur fangelsisins segja til um. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur er um tilhögun þeirrar gæsluvarðhaldsvistar, er varnaraðila var gert að sæta að kröfu sóknaraðila 10. september sl. Sú ákvörðun var tekin af forstöðumanni fangelsa á höfuðborgarsvæðinu 6. október sl. að leggja bann við því, að Björn Kjartansson fengi að heimsækja varnaraðila í fangelsið að Síðumúla 28.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar má fallast á, að dómstólar séu bærir til að leysa úr kröfum varnaraðila, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 107. gr. laga nr. 92/1991.

Fyrirnefnd ákvörðun var reist á öryggissjónarmiðum varðandi Björn Kjartansson og styðst við heimild í 3. mgr. 41. gr. reglugerðar nr. 179/1992 um gæsluvarðhaldsvist. Það reglugerðarákvæði á sér stoð í upphafsorðum 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

2014

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 1994.

Beiðni Jóhönnu Rutar Birgisdóttur, sem móttækin var í Héraðsdómi Reykjavíkur 4. október sl., er lögð fyrir dóminn á grundvelli 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 og 75. gr. sömu laga, og var hún tekin til úrskurðar 7. október sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Gæsluvarðhaldsfanginn Jóhanna Rut Birgisdóttir gerir þá kröfu, að unni sinn, Björn Kjartansson, kt. 170168-3489, fái að heimsækja sig í fangelsið á þeim dögum, sem reglur fangelsins segja til um.

Af hálfu Fangelsismálastofnunar ríkisins er gerð sú krafa, að ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu um bann við heimsóknum Björns Kjartanssonar til Jóhönnu Rutar verði staðfest.

Af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins eru engar kröfur gerðar.

II.

Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 er gæsluvarðhaldsfanga heimilt að bera atriði, sem varða gæsluvarðhaldsvist, undir dómara eftir ákvæðum 75. gr. sömu laga. Ákvæði 75. gr. heimila, að undir dómara verði borinn ágreiningur um lögmæti rannsóknarathafna lögreglu eða ákæranda svo og ágreiningur um réttindi sakbornings og málsvara hans, þar á meðal ósk þeirra um tiltekna rannsóknaraðgerðir. Síðarnefnda lagagrein er að finna í IX. kafla laganna um rannsókn, en 108. gr. er hins vegar í XIII. kafla um gæsluvarðhald og skyldar ráðstafanir. Sú kæruleið, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 80. gr. reglugerðar nr. 179/1922, sem sett er meðal annars með heimild í 2. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, verður ekki talin girða fyrir það úrræði gæsluvarðhaldsfanga að bera ágreiningsefni varðandi gæsluvarðhaldsvist sína undir dómara samkvæmt skýru orðalagi 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991. Með vísan til þessa er frávísunarkröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins hafnað.

Í 3. mgr. 41. gr. áðurnefndrar reglugerðar um gæsluvarðhaldsvist er forstöðumanni fangelsis heimilað að banna tilteknum einstaklingum að koma í heimsókn til gæsluvarðhaldsfanga, ef það telst nauðsynlegt til að halda góðri reglu eða öryggi í fangelsinu eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknad. Forstöðumaður fangelsis getur einnig bannað fyrrverandi gæsluvarðhalds- eða afplánunarfanga að koma í heimsókn í fangelsið. Tilgangur ákvæðis 3. mgr. 41. gr. reglugerðarinnar er meðal annars sá að koma í veg fyrir, að fíkniefnum verði smyglað til gæsluvarðhaldsfanga. Með hliðsjón af

2015

Þessu verður að telja, að heimild þessa ákvæðis samrýmist ákvæðum c-liðar 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991, en heimsóknarbannið byggist á öryggis-sjónarmiðum, eins og fram er komið í gögnum málsins. Ekki verður á það fallist með lögmanni beiðanda, að reglugerð nr. 179/1992 hafi ekki nægjanlega stöð í lögum.

Með vísan til framanritaðs og þess, að form og rökstuðningur ákvörðunarinnar er með lögमतum hætti, verður henni ekki hnekkt.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o ð:

Frávísunarkröfu Fangelsismálastofnunar ríkisins er hafnað.

Ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu frá 6. október 1994 um að banna Birni Kjartanssyni að heimsækja gæsluvarðhaldsfangann Jóhönnu Rut Birgisdóttur á að vera óröskuð.
